

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja hefur úthlutað styrkjum fyrir árið 2020. Auglýst var eftir styrkumsóknnum í október sl. Umsóknir sem bárust voru samtals 65 talsins og hljóðuðu styrkbeiðnir upp á rúmlega 167 milljónir króna. Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs úthlutar nú 45 milljónum til 39 verkefna.

Skiptingin milla flokka er með þessum hætti:

Menning og listir fá úthlutað 28.000.000

Atvinnu- og nýsköpun fær úthlutað kr. 17.000.000

Eftirtalin verkefni hlutu styrk.

Nr. 1. Skáldaskápur. Umsækjand og verkefnastjóri: Gunnhildur Þórðardóttir. Flokkur: Menning.

Verkefninu er ætlað að auka hróður ljóðlistar en einnig að efla skapandi skrif á Suðurnesjum. Skáldaskápur er færanlegt ljóðagallerí sem ferðast í kringum Suðurnes með viðkomu á sófnum, bókasöfnum, skólum og kirkjum á svæðinu. **Verkefni hlýtur styrk að fjárhæð kr. 200 þús.**

Nr. 2. Common Ground. Umsækjandi: Ragnhildur Stefánsdóttir. Verkefnastjóri: Anna Eyjólf. Flokkur: Menning.

Verkefnið er samstarfsverkefni íslenskra, rúmenskra, pólskra og litháískra myndlistamanna og fræðimanna á sviði vistfræði, mannfræði, listfræði og heimsspeki og verða sýningar settar upp í þátttökulöndunum. Auk þess að vera myndlistasýning er verkefninu einnig ætlað að vera færðilega rannsókn á líðan, afstöðu og hugmyndum fólks um sín heimkynni og að leita svara við spurningunni, Hvar á ég heima. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 400 þús.**

Nr. 3. Markaðssetning. Umsækjandi: Vogasjóferðir ehf. Verkefnastjóri: Símon Georg Jóhannsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið lýtur að farþegabát sem býður ýmsar ferðir eins og sjóstöng, hvalaskoðun, norðurljós og sérsniðnar ferðir. Markmiðið er að efla sýnileika fyrirtækisins sem ferðaþjónustufyrirtæki á Suðurnesjum, með því m.a. að efla stafræna ásýnd þess. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 400 þús.**

Nr. 4. Kotið í Höfnum - Garðbær. Umsækjandi og verkefnastjóri: Elísa María Geirsdóttir Newman. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið lýtur að endurbyggingu 100 ára gamals timburhúss í Höfnum með það að markmiði að opna það fyrir almenningi sem lítið safn sem gefur innsýn inn í daglegt líf verkafólks á Íslandi snemma á síðustu öld þegar Hafnir voru öflug verstöð. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.**

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Nr. 5. Hæfileikar Samuð. Umsækjandi og verkefnastjóri: Rut Sigurðardóttir. Flokkur: Menning.

Verkefnið snýr að því að styðja við og efla menningu ungs fólks á Suðurnesjum og ýta undir jákvæða menningarupplifun ungmenna á þeirra forsendum. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.**

Nr. 6. Kynning á bókmenntaarfinum. Umsækjandi: Reykjanesbær / bókasöfn á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Stefanía Gunnarsdóttir. Flokkur: Menning.

Markmiðið með verkefninu er að kynna bókmenntaarf okkar Íslendinga, auka með því þekkingu og áhuga almennings á bókmenntum og efla um leið menningarlífið á svæðinu. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.**

Nr. 7. Útilistaverk, graffiti – Umsækjandi og verkefnastjóri: Lína Rut Wilberg. Flokkur: Menning.

Markmið listamannsins er að mál graffiti listaverk á stóran vegg í Reykjanesbæ og lífga þannig upp á tilveruna og miðbæinn í Reykjanesbæ. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.**

Nr. 8. Heimildarmynd um brunann í samkomuhúsinu Skildi árið 1935. Umsækjandi og verkefnastjóri: Dagný Gísladóttir. Flokkur: Menning.

Á árinu 2020 verða 85 ár frá brunanum í Skildi. Verkefnið lýtur að heimildarmynd um brunann þegar 10 manns fórsut á jólatrésskemmtun en aldrei hafa fleiri farist í bruna á Íslandi. Bruninn hafði gríðarleg áhrif á samfélagið á Suðurnesjum. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.**

Nr. 9. Vogar TV-Menningarsjónvarp – Umsækjandi: Davíð harðarson. Verkefnastjóri: Guðmundur Kristinn Sveinsson. Flokkur: Menning.

Verkefnið lýtur að kynningu á stofnunum og fyrirtækjum ásamt menningarviðburðum í sveitarfélaginu Vogum, sem sýnd verða í menningarsjónvarpi Voga TV. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 500 þús.**

Nr. 10. Godd morning Miss President. Umsækjandi og verkefnastjóri: Alexandra Chernyshova. Flokkur: Menning.

Verkefnið lýtur að því að skrifa óperu um venjulega en líka merkilega konu, fyrsta kvenforseta í heiminum Vigdís Finnbogadóttur. Markmiðið er að styðja við tónlistarlíf og tónlistarmenn í Reykjanesbæ og kynna, efla og útbreiða klassiska tónlist á Suðurnesjum og landinu öllu. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 700 þús.**

Nr. 11. Öryggiskrossinn. Umsækjand og verkefnastjóri: Sigurður Ingi Kristófersson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið lýtur að þróun og markaðssetningu nýrrar vöru. Öryggiskrossinn er notaður til að loka flugbrautum og akbrautum flugvalla tímabundið. Öryggiskrossinn er nýjung hér á landi og erlendis líka sé horft til þess efniviðar sem hann er gerður úr, en hann er bæði umhverfisvænn og margnota. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 700 þús.**

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Nr. 12. Jazzfjelag Suðurnesjabæjar, tónleikaröð. Umsækjandi og verkefnastjóri: Halldór Lárusson. Flokkur: Menning.

Markmið er að efla menningarlíf í Suðurnesjabæ og Suðurnesjum og styrkja íslenskt tónlistarlíf, tónlistarmenntun og jazzlistamenningu á Íslandi. Félagið mun standa fyrir tónlistarviðburðum sem verða öllum opini og aðgangur ókeypis. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.**

Nr. 13. Samstarfsverkefni Listasafns Reykjanesbæjar og Safnasafnsins. Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Guðlaug María Lewis. Flokkur: Menning.

Í tilefni af 30 ára afmæli Safnasafnsins á Svalbarðseyri hyggst Listasafn Reykjanesbæjar heiðra Safnasafnið og frumkvölastarf þess með sýningu úr safneigin Safnasafnsins ásamt kynningum, leiðsögnum og erindum um myndlist íslenskra einfara. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.**

Nr. 14. Tónleikar tveggja vinabjóða, Ísland og Pólland. Umsækjandi og verkefnastjóri: Gunnar Már Másson. Flokkur: Menning.

Verkefnið byggir á nokkra ára samstarfi Más Gunnarssonar og pólsks hljómsveitarstjóra Hadrian Tabecki. Markmiðið er að halda stórtónleika í Reykjanesbæ, þar sem pólskir tónlistarmenn ásamt tónlistarfólki af Suðurnesjum spila lög eftir Má Gunnarsson. Einnig verður undirbúningur tónleikanna, tónleikarnir sjálfir ásamt dvöl gestanna frá Póllandi tekið upp af Krummafilm. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.**

Nr. 15. Leiklist fyrir alla. Umsækjand og verkefnastjóri: Halla Karen Guðjónsdóttir.

Flokkur: Menning.

Með verkefninu er ætlunin að bjóða uppá námskeið í leiklist, framkomu og söng fyrir börn á breiðum aldri. Einnig að kynna þátttakendur fyrir því hvað felst í því að koma fram og með hvaða hætti við getum notað leiksviðið til þess að tjá tilfinningar okkar og eflast sem manneskjur undir leiðsögn og með þjálfun frá fagfólki. **Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 800 þús.**

Nr. 16. Veröld Vættanna. Umsækjandi: Reykjanes jarðvangur ses. Verkefnastjóri: Daníel Einarsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Markmið er að koma upplýsingum og fróðleik á framfæri við yngstu kynslóðina. Vættirnir koma til með að auðvelda öll samskipti við börn og auka þannig staðarvitund þeirra og þekkingu á umhverfismálum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 900 þús.

Nr. 17. Hlaðan Skjaldbreið - Kálfatjörn. Umsækjandi: Minjafélag Vatnsleysustrandarhrepps. Verkefnastjóri: Helga Ragnarsdóttir. Flokkur: Menning.

Hlaðan Skjaldbreið var byggð á árunum 1883-1884 af þáverandi sóknarpresti og sálmaskáldi, Stefáni Thorarensen. Stefán hafði háleit áform um uppbyggingu Kálfatjarnar og byggði auk Skjaldbreiðar þrjú önnur steinhús á svæðinu. Skjaldbreið stendur ein eftir og minnir á stórhuginn sem að baki lá. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Nr. 18. Hljómlist án landamæra – Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Guðlaug María Lewis. Flokkur: Menning.

Hljómlist án landamæra er listviðburður sem fagnar fjölbreytileika mannlífsins og á rætur sínar að rekja til Listahátíðarinnar List án landamæra. Haldnir verða stórtónleikar þar sem fram koma tónlistaratriði byggð á samstarfi fatlaðra og þekktra ófatlaðra tónlistarmanna. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 19. Barnamenning í Reykjanesbæ. Umsækjandi: Reykjanesbær. Verkefnastjóri: Guðlaug María Lewis. Flokkur: Menning.

Verkefnið lýtur að því að jafna aðgengi barna og foreldra að menningarstofnunum og gera börnin að þátttakendum í menningarlífi frá fyrstu tíð og gera þau heimavön í menningarmiðstöð bæjarins. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 20. Samkomuhúsið Kirkjuhvoll. Umsækjandi: Minjafélag Vatnsleysustrandarhrepps: Verkefnastjóri: Bjarki Þór Wíum. Flokkur: Menning.

Markmið félagsins eru að gera Kirkjuhvoll upp og færa í upprunalegt horf. Kirkjuhvoll er gamalt samkomuhús íbúa Vatnsleysustrandarhrepps. Það er staðsett miðja vegu milli Brunnastaðahverfis og Kálfatjarnar, ofan vegar. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 21. Lest we forget. Umsækjandi og verkefnastjóri: Guðmundur Magnússon. Flokkur: Menning.

Markmiðið er að segja sögu á myndrænan og jlóðrænan hátt. Saga sem hefur í raun aldrei verið sögð, um sögulegan atburð á heimsmælikvarða, sem gerðist við bæjardyrnar á Suðurnesjum. Verkefnið er að skrifa handrit og undirbúa heimildarkvikmynd í fullri lengd um flugslysið á Fagradalsfjalli, sem gerðist á stríðsárunum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 22. Náttúrufræði og umhverfisvernd fyrir börn. Umsækjandi: Þekkingarsetur Suðurnesja. Verkefnastjóri: Hanna María Kristjánsdóttir. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Hópar nemenda af öllum skólastigum hafa um árabíl heimsótt sýningar Þekkingarsetursins. Markmiðið með verkefninu er að gera skólahópastarfið markvissara og faglegra, með aðkomu náttúrufræðikennara frá Fjölbautaskóla Suðurnesja og Reykjanes Geopark. Með það fyrir augum að auka áhuga og þekkingu barna og ungmenna á náttúrfæðum, umhverfisvernd og Reykjanes Geopark. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 23. Vefsvæði fyrir matarupplifun á Reykjanesi. Umsækjandi og verkefnastjóri: Þuríður Halldóra Aradóttir Braun/Markaðsstofa Reykjanes. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið lýtur að því að þróa og setja upp einfalt og notendavænt vefsvæði fyrir matarupplifun á Reykjanesi. Verkefnið er framhaldsverkefni Matarkistu Reykjanes sem styrkt var af Matarauði Íslands. Verkefnið verður unnið í samstarfi við verkefnastjóra þess verkefnis. Einnig er verkefnið sjálfstætt framhalda af verkefni Reykjanes Geopark, Geofood og gefur það veitingastöðum tækifæri á að merkja sig sérstaklega sem Geopark fyrirtæki.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 24. Seniors Support á Suðurnesjum. Umsækjandi og verkefnastjóri: Hansína B. Einarsdóttir. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Markmiðið er að byggja upp og þróa lítið fagsamfélag, Senior Support, samsett af jákvæðum, traustum 65 plús Suðurnesjamönnum sem eiga það sameiginlegt að hafa öfluga reynslu af nýsköpun og rekstri sem þeir eru tilbúnir til að miðla. Verkefnið styður við hugmyndafræðina um COP Community of Practices, þar sem reynsla og þekking hinna eldri er nýtt til þess að styðja við og þjálfa þá sem yngri eru. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 25. Hagnýt námsúrræði fyrir erlenda einstaklinga á Suðurnesjum. Umsækjandi og verkefnastjóri: Arnbjörn Ólafsson/Keilir. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Markmið verkefnisins er að greina fræðslu- og menntunarpörf íbúa á Suðurnesjum sem eru af erlendu bergi brotnu, ásamt því að þróa og vinna námsúrræði fyrir markhópinn. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 26. Sjónvarpsþáttaröðin Suður með sjó. Umsækjandi og verkefnastjóri: Páll Hilmar Ketilsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefninu er ætlað að verkja athygli á málefnum Suðurnesjamanna í sinni víðustu mynd. Styrkja ímynd svæðisins í vaxandi samfélagi Suðurnesjamanna. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 27. Vita- og sjóslýsasýning á Reykjanesi. Umsækjandi: Hollvinasamtök Reykjanesvita og nágrennis. Verkefnastjóri: Eiríkur Páll Jörundsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Við Reykjanes hafa orðið margir skæðir sjóskaðar. Töluvert er til af heimildum um þá og er ætlunin að setja upp sýningu er tengir saman hlutverk vita og hins vegar sjóðskaðana. Sýningin mun þannig auka upplifun ferðamanna er leggja leið sína að vitanum og þar með styrkja ferðabjónustu á Reykjanesi. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 28. Uppbygging á Bakka. Umsækjandi: Minja- og sögufélag Grindavíkur. Verkefnastjóri: Örn Sigurðsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Bakki er talin vera ein sú elsta uppistandi sjóverbúð á Suðurnesjum. Það þarf að koma húsinu í gott ástand, en nánast er búíð að klára húsið að utan. Markmiðið er að opna safn í húsinu þegar það verður fullendurbyggt. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1 millj.

Nr. 29. Útivistarstígur um sjávar tengdar minjar – 2. Áfangi. Umsækjandi: Grindavíkurbær. Verkefnastjóri: Eggert Sólberg Jónsson. Flokkur: Menning.

Verkefnið snýr að því að tengja saman strandminjar og áhugaverða staði sem tengjast sjávarútvegi í Grindavík. Skilgreind hefur verið göngu- og hjólaleið frá Kvikunni þar sem 20 áhugaverðir staðir áleiðinni hafa verið skilgreindir og allir tengjast á einn eða annan hátt útgerðarsögu í Grindavík. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 millj.

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

Nr. 30. Sjávarréttahátíð í Grindavík. Umsækjandi: Grindavíkurbær. Verkefnastjóri: Eggert Sólberg Jónsson. Flokkur: Menning.

Verkefnið er samstarfsverkefni ólíkra aðila sem allir hafa það að markmiði að vilja styrkja jákvæða ímynd Grindavíkur sem aðlaðandi sjávarútvegsbæjar. Hátíðin á að endurspegla hinn mikla styrk Grindavíkur sem matvælaframleiðslubæjar. Hátíðin á að ver kjörinn kynningarvettvangur fyrirtækja og einstaklinga til að vekja athygli á framleiðslu, matarmenningu, veitingarstarfsemi, matartengdri ferðapjónustu og verlun þessu tengd. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 millj.

Nr. 31. Með blik í auga. Umsækjandi og verkefnastjóri: Guðbrandur Einarsson. Flokkur: Menning.

Með blik í auga er tónlistarsýning sem haldin er á Ljósanótt í Reykjanesbæ. Fjöldi einstaklinga kemur að uppsetningu sýningarinnar sem haldin verður í 10. skiptið haustið 2020. Sýningin hefur verið stór hluti af Ljósanæturhátíðinni undanfarin ár og hefur styrkt og auðgað menningarlíf svæðisins. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 millj.

Nr. 32. Maxímús Músíkús heimsækir Suðurnes. Umsækjandi: Maximus Musicus ehf. Verkefnastjóri: Hallfríður Ólafsdóttir. Flokkur: Menning.

Verkefnið er unnið í samvinnu við listahátíðina Ferskir Vindar. Myndlistar- og tónlistarsköpun og flutningur á tónlistarævintýrinu „Maxímús Músíkús trítlar í tónlistarskólann“ fyrir alla yngstu árganga Suðurnesja. Misjafnt verður eftir aldri hvað verður unni með en útgangspunkturinn er samspil tóna og mynda, hljóðs og sýnar og tengingar við Maxímús Músíkús. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 millj.

Nr. 33. Markaðssókn á bandarískan markað. Umsækjandi: GeoSilica Iceland ehf. Verkefnastjóri: Hildur Rún Sigurðardóttir Kvaran. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið lýtur að markaðssókn á bandarískan markað með þátttöku í sýningum, netmarkaðssetningu og leitarvélabestun, kotlangingu og samningagerð við dreifaðila. Samkvæmt markaðsgreiningu felast sóknartækifæri í bandaríska markaðnum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 millj.

Nr. 34. Markaðssetning á lífsalti. Umsækjandi og verkefnastjóri: Egill Þórir Einarsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Arctic sea minerals hefur hafið framleiðslu og sölu á lífsalti sem er lág natríum salt framleitt úr haf- og jarðsjó. Lífsalt inniheldur öll steinefni sjávar í sömu hlutföllum og mannlíkarninn þarfnast. Fyrirtækið áformar átak í markaðssetning bæði innanlands og utan. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 millj.

Nr. 35. Uppfærsla á Gestastofu Reykjanes Geopark. Umsækjandi: Reykjanes jarðvangur ses. Verkefnastjóri: Daníel Einarsson. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefnið snýr að því að stækka, auka fræðslugildi og efla gestastofu Reykjanes Geopark með það að markmiði að gera hana að eftirsóknarverðum stað til að heimsækja, hvort heldur sem er fyrir erlenda ferðamenn eða innlenda gesti. Með nýrri og uppfærðri gestastofu opnast möguleiki til þess að bjóða

Uppbyggingarsjóður Suðurnesja

skólahópa sérstaklega velkomna og fræðast um náttúr, menningu og sögu Reykjaness. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 1,5 millj.

Nr. 36. Heilbrigði hafna á Suðurnesjum. Umsækjandi: Náttúrustofa Suðvesturlands. Verkefnastjóri: Sindri Gíslason. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun.

Verkefni þetta snýr að því að kanna heilbrigði hafna á svæðinu sem getur leitt til leiðandi stöðu sveitarfélaga á Suðurnesjum í ábyrgri, hagsýnni og umhverfisvænni stjórnun. Kannað verður heilbrigði hafna á Suðurnesjum m.t.t. efnamengunar og aðkomutegunda. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 2 millj.

Nr. 37. Safnahelgi á Suðurnesjum. Umsækjandi: Grindavíkurbær / sveitarfélögin á Suðurnesjum. Verkefnastjóri: Eggert Sólberg Jónsson. Flokkur: Menning.

Verkefnið snýr að sameiginlegri kynningu allra safna, sýninga og setra á Suðurnesjum sem liður í menningartengdri ferðapjónustu utan hins hefðbundna ferðamannatíma. Markmiðið er að vekja athygli landsmanna sem og heimamanna á metnaðarfullu safna- og menningarstarfi á Suðurnesjum. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 3 millj.

Nr. 38. Fjölpætt heilsuefling 65+ í sveitarfélögum. Umsækjandi: Janus Friðrik Guðlaugsson. Verkefnastjóri: Lára Janusdóttir. Flokkur: Atvinnu- og nýsköpun

Megin markmið verkefnisins er að efla heilsu og velferð eldri aldurshópa í sveitarfélögum, með þátttöku þeirra í fjölpættu og markvissri heilsurækt, ráðgjöf um næringu og aðra heilsufarsþætti þannig að hinir eldri geti lengur tekist á við athafnir daglegs lífs og dvalið lengur í sjálfstæðri búsetu. Markmið er jafnframt að draga úr útgjöldum ríkis og sveitarfélaga tengdum sérhæfðri þjónustu fyrir hina eldri. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 4 millj.

Nr. 39. Ferskir Vindar listahátíð. Umsækjandi: Ferskir Vindar, menningarfélag. Verkefnastjóri: Mireya Samper. Flokkur: Menning.

Markmiðið er að færa ungum sem öldnum menningu og listir á heimsmaelikvarða, örva með þeim hætti sköpun, víkka sýn, dýpka vitund og auðga andann. Ferskir Vindar er umfangsmikil alþjóðleg listahátíð sem er um margt einstakur viðburður í íslensku menningarlífi. Tugum listamanna frá öllum listformum, íslenskra og erlendra er boðið til hátíðarinnar í hver sinn. Verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð kr. 4 millj.

Fyrir verkefnið var sótt um til 3 ára. Samþykkt var að veita verkefninu styrk fyrir árið 2021 kr. 2 m. Og árið 2022 kr. 4 m.